

# Ársskýrsla 2013



**NORÐURORKA**

VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST





## *Efnisyfirlit*

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn Norðurorku	4
Skipurit	5
Frá forstjóra	6
Starfsemi Norðurorku hf. á árinu 2013	7
Hitaveita	14
Rafveita	17
Vatnsveita	20
Ársreikningur 2013	23

Ábyrgðarmaður: Baldur Dýrfjörð  
Útlitshönnun: Geimstofan  
Forsíðumynd: Gísli Dúa  
Ljósmyndir:  
Fuglamyndir Eyþór Ingi Jónsson  
Auðunn Nielsson bls. 4, 10, 13  
Árni Árnason bls. 12

## Ávarp stjórnarformanns

Í stóru bæjarfélagi eru verkefnin mörg, ekki síst þegar viðtæk sátt er um að þjónustustig við bæjarbúa sé hátt og sveitarfélagið, stofnanir þess og fyrirtæki taki að sér fjölþætt verkefni í þágu íbúanna. Oft hefur verið á það minnt í þessu sambandi að í samanburði við nágrannaþjóðir okkar stöndum við okkur vel í fjölþættri þjónustu við íbúana og margt af því sem við bjóðum upp á hvarfli ekki að öðrum að gera.

Verkefni þeirra sem veljast til að stýra bæjarfélaginu er því ekki síst að forgangsraða verkefnum og í því samhengi er mikilvægt að grunnþjónustan og lögboðin verkefni hafi forgang og ætíð sé leitað leiða til þess að leysa þau sem best úr hendi. Með þetta í huga voru á árinu 2013 teknar upp eldri hugmyndir um frekari sameiningu veitna Akureyrar með því að Norðurorka tæki yfir fráveitu Akureyrarbæjar. Þó svo að stórum áföngum sé lokið í uppbyggingu fráveitukerfisins á enn eftir að ljúka við byggingu hreinsistöðvar og varanlegrar útrásarlagnar út frá henni. Verkefnið er gríðarlega stórt hvort heldur er horft á það frá fjárhagslegri hlið eða framkvæmda og tæknilegri hlið þess.

Við getum öll verið sammála um að Akureyringar og Eyfirðingar vilja ganga vel um og vera til fyrirmyndar í fráveitumálum sem öðru. Á Akureyri eru stór matvælafyrirtæki, mikil ferðamennska auk þeirrar staðreyndar að við búum innst við langan fjörð. Allt þetta þrýstir á að fráveitan svari kröfum umhverfis- og mengunarvarnarlöggjafar á hverjum tíma. Eftir vandlega yfirlegu var það niðurstaða stjórnar Norðurorku hf. að rétt væri að stíga þetta skref og sameina allar veitur Akureyrarbæjar undir einn hatt. Þó verkefnið sé að sumu leyti ólíkt öðrum veiturekstri sýnir reynsla annarra sveitarfélaga að samlegðaráhrifin eru mikil. Í því samhengi þarf að hafa í huga að í nútíma fráveiturekstri er mikið af tækni- og stýribúnaði auk reksturs dælustöðva með tilheyrandi þörf fyrir bakvaktir starfsmanna líkt og í rekstri annarra veitna Norðurorku. Tækifærin eru því sannarlega mörg.

Í samningi Norðurorku hf. og Akureyrarbæjar er gert ráð fyrir að byggð verði hreinsistöð á næstu árum og þegar er hafinn undirbúningur þar að lútandi innan fyrirtækisins. Það er eindregin sannfæring mín að þessi ákvörðun sé mikið heillaskref fyrir Norðurorku og íbúa Akureyrar.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir hækkun verðskrár milli áronna 2013 og 2014. Þó heildarhækkun veitna ætti samkvæmt áætluninni að vera verulega innan verðbólguviðmiða ákvað stjórn félagsins að ganga enn lengra. Varð niðurstaðan sú að einungis vatnsveitan hækkaði notkunargjöld sín en aðrar veitur ekki. Með þessu lagði Norðurorka sitt lóð á vogarskálar til viðspyrnu gegn vixlverkunum verðlagshækkana og þar með aukinni verðbólgu. Ljóst er að veitur fyrirtækisins eru mjög hagstæðar í verðsamanburði og samkvæmt úttekt Byggingastofnunar með þeim allra hagstæðustu á landinu. Þá má og geta þess að fráveitugjald á Akureyri er í dag um helmingur þess sem er í Reykjavík.

Dótturfélag Norðurorku hf. Fallorka ehf. undirbýr nú það stórverkefni að byggja nýja 3,3 MW virkjun í Glerá. Verkefnið er í skipulagsferli en áætluð gangsetning virkjunarinnar er á árinu 2016. Fallorka ehf. er sterkt félag sem hefur búið sig vel undir þessa framkvæmd. Ný virkjun í Glerá mun framleiða sem nemur um 18% af raforkuþörf Akureyrar (án Becromal). Þetta þýðir að samanlögð framleiðsla Fallorku verður um 36% af raforkuþörfinni. Þetta er án nokkurs vafa mjög skynsamleg framkvæmd fyrir Akureyringa og mun styrkja stöðu okkar á landsvísu. Vatnsveita Akureyrar verður 100 ára árið 2014 og samþykkti stjórn af því tilefni að rita sögu veitna félagsins og var gerður samningur við Jón Hjaltason sagnfræðing um verkið. Jafnframt var skipuð ritnefnd en í henni sitja Baldur Dýrfjörð forstöðumaður, Franz Árnason fyrrverandi forstjóri og Helgi Jóhannesson forstjóri Norðurorku hf.


Ég vil að endingu þakka starfsfólki Norðurorku fyrir ánægjulegt og gott samstarf á árinu, sem og hluthöfum félagsins og síðast en ekki síst viðskiptavinum félagsins.



### Stjórn Norðurorku hf. 2013

Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður  
Halla Björk Reynisdóttir, varaformaður  
Edward Hákon Huijbens, meðstjórnandi  
Njáll Trausti Friðbertsson, ritari  
Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi

# Skipurit



## Frá forstjóra



Helgi Jóhannesson

Árið 2013 var viðburðaríkt í sögu Norðurorku hf. Árið hófst með innleiðingu á endurskoðaðri stefnu fyrirtækisins og lauk með yfirtöku á fráveitu Akureyrar. Niðurstaða stefnumótunar var að Norðurorka sé á réttum kúrs en skerpa þyrfti áherslur og framtíðarsýn.

Yfirtaka fráveitunnar er stórt verkefni fyrir Norðurorku fjárhagslega auk þess sem byggja þarf upp sérfræðikunnáttu á fráveiturekstri og aðlaga félagið og starfsemi þess nýjum verkþáttum. Að okkar mati fellur verkefnið vel að rekstri félagsins til lengri tíma litið. Fjölmargir þættir í rekstrinum eru samfallandi en mikil vinna felst þó í að byggja upp og samþætta ferla og að undirbúa hönnun og byggingu hreinsimannvirkis. Í yfirtökusamningi skuldbindur Norðurorka sig til þess að byggja upp á næstu árum hreinsimannvirki fyrir fyrsta stigs hreinsun. Með þeirri aðgerð ásamt því að byggja útrás frá hreinsistöðinni á tiltekið dýpi er gert ráð fyrir að fráveita sveitarfélagsins svari þeim kröfum sem til hennar eru gerðar.

Mikilvægt er að tekjur veitna, þar með talið fráveitunnar, taki mið af rekstri þeirra sem og fyrirhuguðum stofn- og kostnaði samkvæmt langtímaáætlun um uppbyggingu. Jafnframt er mikilvægt að verðskrá endurspegli jafnræðissjónarmið milli viðskiptavina og taki, eftir því sem kostur er, mið af þeirri þjónustu sem þeir geta notið. Með þetta í huga mun verðskrá fráveitunnar breytast. Tekin verða upp tengigjöld eins og í öðrum veitum og fráveitugjaldið mun taka mið af stærð eigna auk fastagjalds á matseiningu með sama hætti og í vatnsveitunni. Hætt verður að miða við fasteignamat eigna enda er það ekki talið sanngjarn mælikvarði.

Samfara yfirtökunni aukast skuldbindingar fyrirtækisins verulega enda miklir fjármunir sem Norðurorka leggur til hennar. Slíkt er ekki áhyggjuefni þar sem vel hefur gengið að byggja félagið upp þrátt fyrir efnahagslæðina. Með yfirtökunni aukast skuldir verulega en á móti koma nýjar eignir og tekjur af rekstri fráveitunnar. Starfsfólk Norðurorku tekur á sig aukna ábyrgð með yfirtöku á

fráveitunni gagnvart íbúum svæðisins sem við einsetjum okkur að standa undir.

Samkvæmt stefnu Norðurorku er meginhlutverk félagsins að þjónusta heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku. Jafntframt að taka þátt í starfsemi sem nýtt getur auðlindir á starfssvæðinu sem og rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins til eflingar samfélagsins. Framtíðarsýnin er að Norðurorka sé einn af hornsteinunum í norðlensku samfélagi og eitt af öflugustu alhliða orkufyrirtækjum á Íslandi. Orkuöflun sé nægjanleg, byggð á endurnýjanlegri orku og vatnslindum, ásamt ábyrgri auðlindanýtingu. Fyrirtækið sé framsækið í nýsköpun og þjónustu og hafi ríka samfélagslega ábyrgð. Verð vöru og þjónustu sé með því besta sem gerist, litið til sambærilegrar starfsemi og skapi þannig traustan grunn að lífskjörum og tækifærum viðskiptavinanna, jafnt íbúa sem fyrirtækja.

Gildi Norðurorku eru: Virðing – Fagmennska – Traust. Gildin byggja á tillögum sem starfsfólkið sem ein heild lagði fram eftir vinnufundi sem voru hluti af stefnumótunarvinnunni. Lykiláherslur eru að reksturinn skili góðri afkomu og nýtingu fjármuna. Norðurorka eigi áfram dótturfélagið Fallorku ehf. sem tekur virkan þátt í vinnslu og sölu raforku. Norðurorka nýti sér skilvirkt og viðurkennt gæðakerfi, þjónusta fyrirtækisins sé áreiðanleg, hagkvæm og upplýsingar skýrar.

Skynsamleg tækifæri séu nýtt til stækkunar og aukinnar hagræðingar, m.a. með hlutdeild í öðrum rekstri með áherslu á orkutengd verkefni og verkefni sem eftir geta starfsemi Norðurorku. Þá var tekið inn í stefnu Norðurorku að einn starfsemisspáttur fyrirtækisins gæti orðið rekstur fráveitu, sem ekki var í fyrri stefnumótun.

Fyrirtækið er vakandi fyrir kaupum á auðlindaréttindum með það að markmiði að tryggja langtímahagsmuni viðskiptavina og öruggt aðgengi þeirra að nægu heitu og köldu vatni sem og öflugum dreifikerfum veitna.

Þar sem kalda og heita vatnið eru takmarkaðar auðlindir stefnir Norðurorka að því að nýting kalda vatnsins og verðlagning fari í auknum mæli gegnum notkunarmælingar hjá viðskiptavinum.

Kjarninn í samfélagsábyrgð Norðurorku er að þjóna viðskiptavinum á starfssvæði sínu með þau grundvallarlífsgæði að hafa til reiðu nægjanlegt heitt og kalt vatn sem og áreiðanlegt dreifikerfi allra veitna fyrirtækisins. Fyrirtækið vinnur eftir stefnu um samfélagsábyrgð og samfélagsstyrki og setur starfseminni siðareglur.

Norðurorka er öllum íbúum á þjónustusvæði sínu mikilvægt fyrirtæki. Allir íbúar nýta sér þjónustu fyrirtækisins sérhvern dag. Við finnum fyrir auknum kröfum viðskiptavina, stundum ósanngjörnum en oftast sanngjörnum sem eflir starfsmenn í vinnu sinni.

Ég vil að endingu þakka stjórn Norðurorku hf. sem og starfsfólki öllu, gott og farsælt samstarf á árinu 2013.

## Starfsemi Norðurorku hf. á árinu 2013

### Stjórnsýsla

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 22. mars 2013. Hluthafar eru sem áður, Akureyrarbær 98,26%, Hörgársveit 0,8%, Eyjafjarðarsveit 0,12%, Grýtubakkahreppur 0,18%, Svalbarðsstrandarhreppur 0,46% og Þingeyjarsveit 0,18%. Á aðalfundinum var kjörin stjórn fyrirtækisins og er hún þannig skipuð: Formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður Halla Björk Reynisdóttir, ritari Njáll Trausti Friðbertsson og meðstjórnendur Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir og Edward H. Huijbens. Í varastjórn eru Helgi Snæbjarnarson, Inda Björk Gunnarsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sigurður Hermannsson og Víðir Benediktsson. Stjórnin hefur komið saman til fundar tólf sinnum frá síðasta aðalfundi.

### Mannauðsmál

Í áður nefndri stefnumótun félagsins var lögð rík áhersla á að félagið hafi á að skipa hæfu og góðu starfsfólki og að hæfni þess sé viðhaldið með starfsþróun og endurmenntun. Ennfremur að leggja metnað í góða og jákvæða stjórnunarhætti, með samráði við starfsmenn um málefni vinnustaðarins og að vinnuumhverfi og búnaður fyrirtækisins sé til fyrirmyndar.

Síðla árs 2013 var farið í vinnustaðagreiningu í samstarfi við Capacent og var þátttaka í henni mjög góð meðal starfsmanna. Með greiningunni eru dregnir fram styrkleikar og veikleikar í starfinu og þar með hægt að vinna að tillögum að úrbótum sem og að styrkja það sem vel er gert og nýta það í umbótastarfi. Niðurstaða vinnustaðagreiningarinnar var kynnt á starfsmannafundi í desember og í framhaldinu hafinn undirbúningur að frekari úrvinnslu sem hófst í byrjun árs 2014.

Átta starfsmannafundir voru haldnir á árinu. Á fundunum eru veittar upplýsingar um ýmis mál sem eru í gangi á hverjum tíma en jafnframt eru þeir vettvangur til skoðanaskipta milli starfsmanna. Norðurorkuskólinn stóð fyrir ýmsum námskeiðum og fyrirlestur á árinu. Námskeið í verkefnastjórnun var haldið bæði á vor- og haustönn í samstarfi við Símei, skyndihjálparnámskeið var haldið í apríl í samstarfi við Rauðakrossinn, fyrirlestur um liðsheild þar sem m.a. var fjallað um gildi Norðurorku var haldið í maí og enskunámskeið á haustönn í samstarfi við Símei. Þá stóð starfsfólki sem sér fram á starfslok vegna aldurs til boða að taka þátt í starfslokanámskeiði sem haldið var í samstarfi Akureyrarbæjar og stéttarfélaganna. Starfssvæði Norðurorku er víðfeðmt og nær til stórs hluta Eyjafjarðar og austur í Þingeyjarsveit. Í október fór starfsfólk Norðurorku í kynnisferð um hluta af starfssvæði félagsins þegar haldið var í heimsókn á Grenivík og í Fnjóskadal og endað með því að skoða vinnslusvæðið að Reykjum. Fyrirhugað er að fara í fleiri slíkar ferðir enda æskilegt að allt starfsfólk þekki vel til

rekstursins og þjónustusvæðis félagsins.

Á árinu 2013 störfuðu 55 starfsmenn hjá félaginu í 53 stöðugildum, 14 konur og 41 karlar. Enginn lét af störfum fyrir aldurs sakir hjá félaginu, tveir starfsmenn hættu hjá félaginu. Í apríl urðu þau ánægjulegu tíðindi að kona, Freyja Þorfinnsdóttir, var ráðin í hóp rafvirkja Norðurorku. Mikilvægt er að brjóta upp staðalímyndir um karla- og kvennastörf og við erum þakklát fyrir að fá að taka þátt í því. Alls voru þrjár nýráðningar á árinu.

Góður árangur hefur náðst í öryggismálum meðal starfsmanna og markvisst unnið að því að viðhalda honum og tryggja að ekki slakni á kröfum til okkar sjálfra í þeim efnum. Öryggismálin þurfa stöðugt að vera á dagskrá og starfsfólk að vera duglegt við að veita jákvætt aðhald í þeim efnum. Félagið hefur aukið vægi öryggismála, með því að efla áhættumat, auka merkingar vinnusvæða og tryggja að búnaður, vinnuföt og aðbúnaður uppfylli ítrustu kröfur. Samhliða því að góður árangur næst viljum við vera fyrirmynd í öryggismálum sem jafnframt gerir okkur kleift að auka kröfur til þeirra verktaka sem með okkur og fyrir okkur starfa í hinum ýmsu verkefnum. Í desemberbyrjun var haldinn samráðsfundur með öllum verktökum félagsins um öryggismál þar sem þeim var kynnt stefna okkar í öryggismálum og að samhliða auknum kröfum á okkur sjálf, myndi félagið jafnframt auka kröfur sínar til öryggismála verktaka sem fyrir okkur vinna. Gekk fundurinn mjög vel og ljóst að verktakar gera sér grein fyrir mikilvægi öryggismála fyrir sína starfsmenn og sinn rekstur.

### Gæðamál

Á árinu fóru fram tvær viðhaldsúttektir á gæðakerfinu í samræmi við samning okkar þar að lútandi við Vottun hf. og Rafskoðun ehf. en slíkar úttektir eru þáttur í að halda við ISO 9001 gæðavottun félagsins. Báðar úttektirnar komu mjög vel út og frávik og athugasemdir í lágmarki. Árlegur rýnifundur var haldinn í apríl þar sem gæðaráð og stjórnendur rýndu gæðakerfið, stefnu og markmið. Vel hefur gengið að halda utan um gæðahandbókina í SharePoint skjala- og hóp vinnukerfinu og áfram unnið að undirbúningi þess að skjalaskráning og -varsla fyrirtækisins nýti það kerfi. Mikil vinna var lögð í yfirferð á skjölum forvera Norðurorku og sótt um nauðsynlegar grisjunarheimildir til Þjóðskjalasafns. Þá var mörgum skjölum komið til varðveislu hjá Héraðsskjalasafninu á Akureyri. Næstu skref í þessari vinnu er svonefnd skjalagreining og frekari grisjun og flokkun skjala á skrifstofum starfsmanna. Í framhaldinu verður unnið að því að koma öllum skjölum bæði bréflögum og rafrænum í SharePoint skjalavistunarkerfi og flokka þau eftir skjalalyklum. Norðurorka hefur notið mikillar og góðrar aðstoðar og velvildar skjalastjóra Akureyrarbæjar, Elínar

Daggar Guðjónsdóttur, við þetta verkefni og kunnum við henni bestu þakkir fyrir þá óeingingjörnu aðstoð.

### Verðskrár

Á súluritinu sést samanburður á orkukostnaði heimila eftir búsetu. Á meðan verðlag í landinu, og þar með ýmiss rekstrarkostnaður í veiturekstri hefur hækkað umtalsvert hefur hækkunum á verðskrá verið stillt verulega í hóf. Verðskrá Reykjaveitu og vatnsveitu hafa þó um árabíl fylgt vísitölu en á móti kemur að hitaveita og rafveita hafa hækkað mun minna. Rúmmetragjald hitaveitu Norðurorku, utan Reykjaveitu, hækkaði um 2,0% milli árana 2012 og 2013 en fastagjald hækkaði í samræmi við neysluvísitölu. Þetta þýðir að raunhækkun fyrir meðalheimili á Akureyri var aðeins 2,4% á meðan verðbólga var vel yfir 4%. Raforkudreifing Norðurorku er sú ódýrasta á landinu og gjaldskrá var óbreytt um áramót 2012 - 2013 en hækkaði síðan um 0,9% um mitt ár 2013 vegna breytinga á gjaldskrá Landsnets.

### Fjárhagur

Staða Norðurorku er sterk og vel hefur gengið að greiða niður skuldir á liðnum árum og má þar nefna að á árinu 2013 voru greiddar um 380 mkr. af skuldum félagsins. Gert er ráð fyrir áframhaldandi niðurgreiðslu skulda til og með 2016 einkum erlendra lána, en eftir það eru skuldir

fyrirtækisins að mestu bundnar við lífeyrisskuldbindingar auk lána vegna yfirtöku á fráveitunni eins og nánar er lýst hér á eftir.


Í lok ársins yfirtók Norðurorka fráveitu Akureyrar með yfirtöku skulda upp á um 2,3 milljarða. Þær skuldir koma að mestu til uppgreiðslu í lok árs 2018 og kalla þá á endurfjármögnun. Um margt fellur það vel að fjárhagsáætlunum fyrirtækisins, þar sem öll erlend lán þess verða þá uppgreidd. Yfirtaka fráveitunnar eykur skuldir fyrirtækisins til muna og ljóst að ákveðin óvissa er um markaðskjör við endurfjármögnun í árslok 2018, en hafa má í huga að Norðurorka hefur ekki tekið ný lán frá árinu 2009.

### Samtök, dóttur- og hlutdeildarfélag

Norðurorka á aðild að **Samorku**, samtökum orku- og veitufyrirtækja, en í gegnum Samorku er Norðurorka aðili að Samtökum atvinnulífsins sem sjá m.a. um kjarasamningagerð fyrir Norðurorku hf.

**Fallorka ehf.**, sem er í 100% eigu Norðurorku er sölu- og framleiðslufyrirtæki raforku. Rekstur Fallorku gekk vel á árinu. Framleiðsla virkjana í Djúpadal var 17,1 GWst. Sala á forgangsorku nam 140,3 GWst. Tekjur Fallorku námu 620,5 milljónum króna á árinu og hagnaður fyrir afskriftir var 150,4 milljónir króna. Hagnaður ársins var 74,4 milljónir króna og veltufé frá rekstri 126,2 milljónir króna. Rekstur hlutdeildarfélaganna **Tengis hf.** og **NORAK ehf.**

### Byggðastofnun



Byggt á upplýsingum frá Orkustofnun



var í samræmi við áætlanir og væntingar. **NORAK ehf.** selur Becromal Iceland aðgang að spennumannvirki félagsins fyrir fasta upphæð á mánuði óháð því hve mikil raforka fer í gegnum spenna þess. Félagið er í jafnri eigu Norðurorku hf., Rafeyrar ehf. og Orkuvirkis ehf. Rafmagnstruflun varð einu sinni á árinu, sambærileg þeim sem urðu árið 2012 í tengibúnaði hjá NORAK þannig að Becromal varð fyrir framleiðslutapi. Á árinu 2012 var unnið að endurbótum og breytingum í takt við ráðleggingar frá framleiðanda búnaðarins en þrátt fyrir það kom umrædd bilun upp. Ljóst er að áfram þarf að leita að orsökum bilananna og mögulega bæta búnað. Verkefnið verður unnið í náinni samvinnu við Becromal.

Hlutverk **Tengis ehf.** er ljósleiðaraþjónusta og lagði fyrirtækið mjög mikið af strengjum í jörðu liðið sumar í takt við aukna eftirspurn. Hagnaður varð af rekstri fyrirtækisins þrátt fyrir mikla og hraða uppbyggingu og því nokkuð bjart framundan.

Norðurorka á hlut í félaginu **Hrafnabjargavirkjun ehf.** en félagið er að 48,75% hlut í eigu Norðurorku, 48,75% hlut í eigu Orkuveitu Húsavíkur og 2,5% eru í eigu Atvinnuefingar Þingeyjarsýslu. Félagið er í samstarfsverkefni við Landsvirkjun um rannsóknir á efra vatnasvæði Skjálíandaflijóts sem tekur til næstu 3ja til 4ra ára. Landsvirkjun annast og stýrir rannsóknaráætluninni. Norðurorka er einnig hluthafi í félaginu **Íslensk orka hf.** en það heldur utan um jarðhitaréttindi sem félagið samdi um við landeigendur í Öxarfirði. Boruð hefur verið ein rannsóknar- og vinnsluhola á svæðinu en upphaflega

var talið að um háhitasvæði væri að ræða en frekari rannsóknir og viðkomandi hola benda til að svo sé ekki. Svæðið er í dag álitid vera einhvers staðar milli þess að vera háhitasvæði og mjög heitt lághitasvæði. Mat stjórnar Íslenskrar orku er að markaðssetja heitt vatn úr holunni til iðnaðarframleiðslu.

Norðurorka á einnig um 7,7% hlut í **Netorku ehf.** sem er reiknistofa orkufyrirtækjanna og annast meðferð gagna vegna sölumála raforku.

Norðurorka hf. er hluthafi í **Orkey ehf.** sem rekur litla lífdísilverksmiðju við Njarðarnes á Akureyri. Hlutfé í Orkey ehf. var aukið á árinu, en félagið hefur átt erfitt uppdráttar en er um margt á undan sinni samtíð. Í Orkey er unninn lífdísill úr innlendu hráefni svo sem notaðri steikingarfeiti, fituafskurði og aukaafurðum frá lýsisframleiðslu. Norðurorka er einnig hluthafi í **GPO ehf.** en það fyrirtæki hyggst vinna olíu úr plastúrgangi.

### Rannsóknir

Norðurorka hefur sem fyrr unnið mikið að rannsóknum á vatnsauðlindum í Eyjafirði. Rannsóknir eru unnar í samstarfi við Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR. Rannsóknar- og forvinna gengur í heild sinni út á að tryggja fyrirtækinu og íbúum nægt heitt og kalt vatn til langrar framtíðar.

Í hitaveitunni er helst að telja að liðin sumar hefur svæðið kringum Laugaland og Hrafnagil verið rannsakað frekar í von um að þar sé að finna meira heitt vatn. Áhersla



á þetta svæði byggist á því að innviðir fyrirtækisins á svæðinu (m.a. aðveituæð og dælur) geta afkastað mun meiru en þær gera og því ódýrara en ella að nýta aukið vatn sem fyndist á svæðinu. Framhald verður á þessum rannsóknum með það að leiðarljósi að bora þar nýja vinnsluholu á næstu árum.

Svæðið Laugaeyri sem er heitavatsuppspretta framarlega í Hörgárdal hefur verið rannsakað m.t.t. vinnslumöguleika og má búast við að áframhald verði þar á. Þá hefur verið gerð viljayfirlýsing við eigendur Ytri-Víkur á Árskógsströnd um að Norðurorka kaupi upp eldri rannsóknir sem mögulega leiða til kaupa á jarðahitaréttindum svæðisins. Á Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði var liðið sumar byrjað að kanna staðsetningu á nýrri vinnsluholu þar sem sú gamla dregur upp með sér of mikið súrefni. Áætlað er að bora nýja vinnsluholu á Skeggjabrekkudal árið 2015. Samkvæmt nýju endurmati ÍSOR á vinnslugetu jarðhitasvæða Norðurorku eigum við heitt vatn, miðað við núverandi íbúapróun, til ársins 2050. Hér dregur Arnarnessvæðið vagninn og má segja að bjartsýnar vonir manna um jarðhitakerfið virðast ætla að ganga eftir. Hér liggur þó fyrir að annað hvort þarf að leggja nýja aðveituæð frá Arnarnesi fyrir árið 2020 eða ná auknu vatni á Laugalands svæðinu, með mögulegri borun eins og áður kom fram.

Í vatnsveitunni hafa rannsóknir einkum beinst að fjallalindum, s.s. Hesjuvallalindum, Grísarárbotnum og Garðsvík. Margt bendir til þess að Grísarárbotnar, sem eru nú í magnmælingum, geti orðið okkur gjöfulir til framtíðar en að Hesjuvallalindir séu fullnýttar. Varðandi aukningu úr fjallalindum verður að mestu horft til Grísarárbotna í áframhaldandi rannsóknum og mælingum.

## Metanframleiðsla

Metanverkefni félagsins hefur ekki gengið eftir á þeim tíma sem upphaflega var gert ráð fyrir. Staðan er þannig núna að velflestum stærri verkefnum er lokið heima fyrir. Ljóst er hinsvegar að frekari tafir verða á því að hreinsistöð fyrir hauggas rísi á Akureyri vegna gjaldþrots framleiðanda stöðvarinnar Flotech AB í Svíþjóð sem var tekið til gjaldþrotaskipa í desember sl. Nýsjálenska móðurfélagið Greenlane, og nýstofnað dótturfyrirtæki þess í Evrópu, hafa í samstarfi við Norðurorku samið við protabú Flotech AB um að taka verkefnið yfir. Ljóst er að þetta hefur í för með sér frekari tafir á gangsetningu stöðvarinnar og nú stefnt á verklok í júnímánuði 2014. Samið var við Olís um smásölu á metani að undangengnu útboði m.a. til að draga úr áhættu Norðurorku vegna óvissu um sölumagn, en einnig til að ná til sérþekkingar á smásölupættinum. Metanverkefnið var frá upphafi skilgreint sem áhættuverkefni og það hefur bæði tekið mikinn tíma og teygst á þoli stjórnenda.

## Vatnsveitan

Áætlað var á árinu 2013 að byggja 2.000 rúmmetra vatnsgeymi í Torfdal ofan svæðis Bílklúbbs Akureyrar sem og að endurnýja vatnslagnir ofan frá Hesjuvallalindum. Lagt var af stað í skipulagsvinnu snemma árs 2012 en hún tafðist vegna heildarskipulags alls svæðisins og er nú rétt að ljúka. Vonir standa til að verkið hefjist í vor. Með nýjum vatnsgeymi bætist við nýtt þrýstisvæði í vatnsveituna, hægt er að safna meira vatni um nætur til miðlunar að deginum auk þess sem tækifæri skapast til að minnka loft í neysluvatninu sem hefur verið til nokkurra vandræða. Þá er hægt að auka mælingar og



Starfsmenn kvaddir - Helgi Jóhannesson forstjóri ásamt Rafni Herbertssyni, Guðmundi Brynjólfssyni og Ingólfi S. Ingólfssyni, einnig lét af störfum Sigtryggur Jónsson.



mögulega mun fallhæð neysluvatnsins verða virkjuð til rafmagnsframleiðslu, en gert er ráð fyrir því í hönnuninni. Í Garðsvíkurlindum komu upp vandamál vegna mengunar vatnsbóla af yfirborðsvatni og var því ákveðið að bora vinnsluholu inn í bergið. Sú aðgerð lofar góðu og gert ráð fyrir að bora þar aðra holu sumarið 2014.

## Hitaveitan

Mörg stór verkefni voru í hitaveitunni á árinu. Vesturveita II sem liggur suður frá Finnastöðum var lögð, en notendur eru 8 á þeirri viðbót. Þá var lögð hitaveita í Nes í Höfðahverfi, Hesjuvelli, Hlaðir, Halllandsnes, KA svæðið og fleiri staði. Um 500 tengibrunnar voru í upphaflegu dreifikerfi hitaveitunnar. Langtímaáætlun gerir ráð fyrir að þessar brunnar verði smátt og smátt fjarlægðir enda hafa þeir reynst veikur hlekkur í kerfinu. Þegar hefur verið fjarlægður fjöldi brunna m.a. nokkrir stórir í miðbæ Akureyrar á síðastliðnu ári. Áætlað er að fjarlægja 6-10 tengibrunna árið 2014. Hitaveitukerfið er að eldast og kallar á aukna athygli hvað varðar möguleika og tækifæri til endurnýjunar. Á árinu voru settar upp varaafsvélar á Hjalteyri og í Ólafsfirði til að auka afhendingaröryggi hitaveitunnar. Áfram verður haldið á þeirri braut að tryggja rekstraröryggi veitna. Í rekstri hitaveitunnar komu upp bilanir í djúpdælu að Botni og varð að taka hana upp í tvígang árið 2013. Þegar í ljós kom að taka þyrfti

dæluna upp var ákveðið að fara með svokallaða jarðsjá í holuna til að styrkja grunn undir jarðfræðirannsóknir á svæðinu, í ljós kom að fyrirstaða var í holunni og var þá sett niður borholumyndavél til að finna fyrirstöðuna og hver hún væri. Kom í ljós að aðskotahlutir sem brotnað hafa af dælubúnaði í gegnum tíðina voru á um það bil 400 metra dýpi við fóðringarenda. Starfsmenn Norðurorku hófu aðgerðir til að fiska þessa hluti upp úr holunni þar sem þeir höfðu einnig áhrif á rennsli í holunni. Náðist hluti af þessu en það sem eftir sat var rekið niður fyrir aðalvatnsæðar og opnað fyrir vatnsrennsli í gegnum fyrirstöðuna. Var þetta metið fullnægjandi árangur þar sem full hreinsun á holunni hefði þýtt að koma hefði þurft með bor á staðinn með tilheyrandi kostnaði. Bilun varð aftur seinni hluta árs og var um að kenna bilun í síubúnaði. Við reglubundna djúpdæluupptekt á holu LN-12 á Laugalandi var einnig áætlað að setja niður jarðsjá til rannsóka en þá kom einnig í ljós fyrirstaða í holunni og var farið í sambærilegar aðgerðir og í HN-10 og náðist upp nokkurt magn af mælirörum sem höfðu setið eftir í holunni en þó tókst ekki að hreinsa holuna nógu vel til að hættandi væri að fara með jarðsjána niður í botn á henni. Í samræmi við stefnu fyrirtækisins og þau sjónarmið að tryggja fyrirtækinu jarðhitaréttindi var gengið frá kaupum á jörðinni Laugalandi á Þelamörk í desember sl. af Legatsjóði. Áður eða á árinu 2012 keypti Norðurorka



Fiskun úr holu LN-12

auðlindaréttindi Kristness af Legatsjóði sem og jarðhitaréttindi á Hrafnagili af eigendum þeirra.

## Rafveitan

Af framkvæmdum við rafveitu má nefna að sett var upp ný dreifistöð og er sú númer 15 en alls eru dreifistöðvarnar 109 talsins. Dreifistöð 15 er hluti af metanverkefni félagsins en samhliða var nýtt tækifæri til endurnýjunar og þjónar stöðin einnig hesthúsahverfinu Breiðholti. Dreifistöð 110 var endanlega komið fyrir, en hún er í nágrenni Bónus við Langholt og er m.a. ætlað að þjóna nýbyggingum við Undirhlíð. Stöðin verður tekin í notkun á árinu 2014. Áfram var unnið að endurnýjun á liðverndarbúnaði í aðveitustöðvum en verkefnið hefur undið upp á sig, bæði hvað varðar tíma og kostnað, en um flókinn tæknibúnað er að ræða. Á árinu var gert samkomulag við RARIK um fyrirkomulag rafmagnsdreifingar á Laugalandi í þá veru að RARIK eignaðist háspennudreifikerfið. Norðurorka kaupir í framhaldinu rafmagn á einni háspennutengingu fyrir allt Laugalandssvæðið, þ.m.t. Botn og Ytri-Tjarnir. Norðurorka sóttist eftir ofangreindu fyrirkomulagi m.a. til þess að varaafstöð félagsins á Laugalandi gæti þjónað öllum vinnsluvæðum tengdum Laugalandi. Enn á eftir að tengja borholudælur að Botni við Laugalandssvæðið en áætlað er að ljúka því á árinu 2014.

Á árinu voru skoðaðar 8 dreifistöðvar samkvæmt öryggisstjórnunarkerfi raforku. Taka þurfti rafmagn af tímabundið í nokkrum tilfellum, á meðan á endurbótum og viðhaldi stóð. Rafmagnsrof urðu mjög fá á Akureyri

á árinu. Á árinu var loftlína sem þjónaði borholudælum á Glerárdal aflögð og eru því engar loftlínur lengur í rekstri Norðurorku. Gatnalýsing Akureyrarbæjar sem er í eigu sveitarfélagsins hefur verið rekin af Norðurorku í verktöku. Í september síðastliðnum yfirtók Akureyrarbær rekstur gatnalýsingarinnar, að eigin ósk, en Norðurorka annast skoðunarferla og rekur kerfið undir sínu öryggisstjórnunarkerfi. Sjö atvik voru skráð í dreifikerfinu á árinu 2013 sem óæskilegar aðstæður eða atburðir. Glerárvirkjun var stopp frá vori og langt fram á haust þar sem ekki náðist að sandtæma virkjunarlónið fyrir vorleysingar en það er að jafnaði gert annað hvert ár. Akureyrarbær annast tæminguna og hefur m.a. nýtt efni til gatnagerðar.

## Fráveitan


Hugmyndir um að Norðurorka hf. taki við rekstri fráveitu eru ekki nýjar af nálinni og lengi horft til þess að þar geti verið um ákveðna samlegð að ræða rétt eins og þegar aðrar veitur bæjarins voru sameinaðar. Hugmyndir hér að lútandi komust á skrið á árinu og farið var í samningaviðræður við Akureyrarbæ um mögulega yfirtöku á rekstrinum. Af hálfu Norðurorku hf. var farið í mikla upplýsingaöflun af þessu tilefni til þess að vera sem best í stakk búin bæði í samningaviðræðurnar og þá mögulega yfirtöku ef af yrði.

Niðurstaða samningaviðræðna varð sú að Norðurorka yfirtók fráveituna frá og með 1. janúar 2014. Yfirtakan er stórt verkefni fyrir Norðurorku og mikil vinna framundan við að byggja upp ferla og þekkingu á verkefnum.




Frá afhendingu styrkja til samfélagsverkefna 2013


### Hitaveita - orkuvinnsla á mánuði




### Þróun vinnslu á heitu vatni



### Raforka notuð til öflunar á heitu vatni



Orkunotkun, orkuþörf og orkumáttur hitaveitu Norðurlorku.



## Lykilstærðir - Hitaveita

Almennar upplýsingar	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	22.973	22.963	23.087	23.243	23.348
Húsveitur / mælar	6.342	6.404	6.499	6.577	6.959
Orkuöflun á jarðhitasvæðum	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	15	15	15	15	15
Án djúpdælu	2	2	2	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	81	90	90	90	90
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m <sup>3</sup>	6.312.228	6.428.215	6.563.538	6.519.130	6.877.229
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	89/60	89/60	89/60	89/60	89/60

Almennar upplýsingar	2009	2010	2011	2012	2013
Lengd safn- og aðveituæða					
Stál m	52.784	52.784	53.216	53.216	53.216
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	64.584	64.584	65.016	65.016	65.016

Dreifikerfi og dælustöðvar	2009	2010	2011	2012	2013
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) MW	93,7	102,7	102,7	102,7	103,3
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu MW	81,9	82,1	79,8	72,6	82,0
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	7.571.181	8.071.092	8.031.753	7.918.270	8.146.714
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	79/60	79/60	79/60	79/60	79/60
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda °C	72	72	72	72	72
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu TJ	1.632	1.740	1.732	1.707	1.756
Hlutfall orkuvinnslu					
Jarðhiti %	99,9	99,9	99,9	99,9	99,9
Rafmagn %	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Olía %	0	0	0	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	7	8	8	8	8
Heildarafli dælna (dælust. og djúpdælur) KW	2.902	3.478	3.488	3.488	3.492
Rafmagnsnotkun á dælur MWh	6.366	6.909	7.878	8.021	8.189
Miðlunarrými m <sup>3</sup>	7.500	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis					
Stál m	411.233	417.505	418.750	420.265	422.040
Plast m	105.638	114.718	116.474	120.036	132.617
Samtals m	516.871	532.223	535.224	540.301	554.657
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	300	140	113	206	277
Hlutfall dreifikerfis					
Einfalt %	87	87	87	87	87
Tvöfalt %	13	13	13	13	13

### Veitusvæði ekki tengd Akureyri


Reykjaveita	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	2	2	2	2	2
Án djúpdælu	0	0	0	0	0
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	90,8	90,8	90,8	90,9	90,9
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	90,0	90,0	90,0	90,0	90,0
Lengd dreifikerfis					
Stál m	58.994	59.028	59.028	59.031	59.359
Plast m	27.434	28.254	28.925	29.715	30.183
Samtals m	86.428	87.281	87.952	88.745	89.542
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	388.045	395.208	401.739	404.734	419.140

Hríseyjarveita	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu	0	0	0	0	0
Án djúpdælu	1	1	1	1	1
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	79°C	79°C	79°C	79°C	79°C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	76,8°C	77°C	77°C	77°C	77°C
Lengd dreifikerfis					
Stál m	4.645	4.645	4.645	4.645	4.645
Plast m	1.931	1.938	2.003	2.068	2.068
Samtals m	6.576	6.583	6.648	6.713	6.713
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	161.754	161.298	159.748	152.574	134.118


Ólafsfjarðarveita	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi virkjaðra hola					
Með djúpdælu	2	2	2	2	2
Án djúpdælu	1	1	1	1	1
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	57/67°C	57/67°C	57/67°C	57/67°C	57/67°C
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	60,9	60,9	60,9	61,4	61,4
Lengd dreifikerfis					
Stál m	24.317	24.353	24.353	24.353	24.353
Plast m	38	38	38	38	38
Samtals m	24.355	24.391	24.391	24.391	24.391
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	1.241.100	1.215.160	1.216.460	1.220.959	1.207.611




### Raforkudreifing 2013




### Þróun raforkudreifingar 1992 - 2013



### Saga raforkudreifingar 1923 - 2013



## Aftoppar Landsnets



## Raforkudreifing og -flutningur

Landsnet			Virkjanir		Heild samtals	Forgangsafl
MWh	Forgangorka	Ótryggorka	Glerárvirkjun	Djúpadalsvirkjun	MWh	MW
JAN	10.111	1.584	69	909	12.673	18,9
FEB	8.499	1.374	77	855	10.805	17,9
MAR	8.479	1.588	30	1.175	11.271	17,4
APR	8.285	1.570	0	704	10.560	16,1
MAÍ	7.156	1.078	0	1.449	9.683	16,1
JÚN	5.916	1.321	0	1.764	9.001	13,7
JÚL	6.130	1.521	0	1.828	9.479	13,3
ÁGÚ	6.549	1.367	0	1.937	9.853	14,0
SEP	7.040	1.326	0	1.830	10.196	15,1
OKT	8.205	1.558	0	1.846	11.609	16,7
NÓV	9.300	1.469	26	1.369	12.163	18,6
DES	10.630	1.315	32	1.448	13.424	20,7
<b>Summa</b>	<b>96.300</b>	<b>17.071</b>	<b>234</b>	<b>17.113</b>	<b>130.718</b>	<b>19.050</b>



## Lykilstærðir - Rafveita

Almennar upplýsingar		2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi íbúa á veitusvæði	fjöldi	17.563	17.573	17.754	17.956	18.073
Sólumælur	fjöldi	9.221	9.245	9.383	9.417	9.493

Dreifikerfið		2009	2010	2011	2012	2013
Aðveitustöðvar	fjöldi	2	2	2	2	2
uppsett spennaafl	MVA	82	82	82	82	82
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	101	102	103	104	105
uppsett spennaafl	MVA	65,7	65,9	66,2	64	65,14
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	4	3	3	3	3
uppsett spennaafl	MVA	0,23	0,18	0,18	0,18	0,18
Tengiskápar	fjöldi	996	1.003	1.004	1.005	1.013
Heimtaugar -25 - 63 A	fjöldi	3.664	3.670	3.676	3.725	3.764
Heimtaugar - 100 - 315 A	fjöldi	398	400	403	415	418
Heimtaugar - >400 A	fjöldi	82	83	85	89	89
33 - 66 kV jarðstrengir	km	4,8	4,8	4,8	4,8	4,8
6 - 11 kV jarðstrengir	km	110,3	111,1	111,2	112,5	114,86
230/400 V jarðstrengir	km	468,3	481,1	486,75	501	502,16
6 - 11 kV loftlínur	km	2,7	2,7	2,7	2,7	0
230/400 V loftlínur	km	4,3	4,3	4,3	4,3	4,3

Dreifikerfið		2009	2010	2011	2012	2013
Varaafl / MVA/MW	KW*	1,132/0,9	1,132/0,9	1,132/0,9	1,132/0,9	2,440*
Raforkuflutningur til dreifiveitu	MWh	134.872	129.928	131.059	129.083	130.718
